

Fundargerð 7. fundar Framkvæmdaráðs Snæfellsness
Fundarstaður: Ráðhúsið í Stykkishólmi
Fundardagur: 17. janúar 2005

Af þeim sem voru boðaðir mættu eftirfarandi:

Guðrún G. Bergmann, fulltrúi Snæfellsbæjar – gudrun@hellnar.is
Hrafnhildur Jóna Jónasdóttir, fulltrúi Grundarfjarðarbæjar – hjj@mi.is
Sigríður Finsen, fulltrúi Grundarfjarðarbæjar – finsen@soffi.com
Dagný Þórisdóttir, fulltrúi Stykkishólmsbæjar – dagny@stykkisholmur.is
Menja von Schmalensee, fulltrúi Stykkishólmsbæjar – menja@nsv.is
Guðbjörg Gunnarsdóttir, fulltrúi Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls – gudbjorg@ust.is
Hildibrandur Bjarnason, fulltrúi Helgafellssveitar – hildibrandur@simnet.is
Ástpór Jóhannsson, fulltrúi Eyja- og Miklaholtshrepps – salmo@islandia.is

Guðrún setti fundinn kl. 14:00 og greindi frá því að Kristinn Jónasson bæjarstjóri í Snæfellsbæ hefði haft samband við sig og farið fram á það að hún tæki að sér stöðu formanns í Framkvæmdaráðinu eftir andlát Guðlaugs. Teldi hann það heppilegast þar sem hún væri inni í mörgum af þeim málum sem Guðlaugur var búinn að setja af stað áður en hann féll frá og hefði auk þess verið nánasti samstarfsmaður hans. Guðrún leitaði eftir því hvort Framkvæmdaráðið væri sammála þessum tilmælum Kristins og gáfu allir samþykki sitt. Jafnframt greindi Guðrún frá því að ekki væri búið að staðfesta tilnefningu á nýjum fulltrúa Snæfellsbæjar í Framkvæmdaráðið en hann myndi væntanlega sitja næsta fund.

Bað Guðrún síðan fundarmenn um að standa upp, haldast í hendur og votta minningu Guðlaugs virðingu með einnar mínútu þögn.

Svo var gengið til eftirfarandi dagskrár:

1. Umsókn til Ferðamálaráðs kynnt
2. Kynningarátak með RARIK til að draga úr raforkunotkun kynnt
3. Bréf og samstarfsverkefni með Vegagerðinni
4. Fjallað um umsókn í ÁTAK TIL ATVINNUSKÖPUNAR, styrk til Iðnaðarráðuneytisins
5. Bæklingur og markaðsmál Snæfellsness
6. Ferðatorg 1.-3. apríl n.k. í Smáralind
7. Fundur með markaðsstjóra Ferðamálaráðs
8. Fundur með markaðsstjóra Randburg – Kristjáni Má Haukssyni
9. Vefsíðugerð fyrir Snæfellsnes
10. Umsókn um markaðsstuðning frá Útflutningsráði
11. Skilti fyrir Snæfellsnes með Green Globe 21 merkinu
12. Önnur mál

Fundargerð 7. fundar Framkvæmdaráðs Snæfellsness
Fundarstaður: Ráðhúsið í Stykkishólmi
Fundardagur: 17. janúar 2005

Af þeim sem voru boðaðir mættu eftirfarandi:

Guðrún G. Bergmann, fulltrúi Snæfellsbæjar – gudrun@hellnar.is

Hrafnhildur Jóna Jónasdóttir, fulltrúi Grundarfjarðarbæjar – hjj@mi.is

SigríðurFinsen, fulltrúi Grundarfjarðarbæjar – finsen@soffi.com

Dagný Þórisdóttir, fulltrúi Stykkishólmsbæjar – dagny@stykkisholmur.is

Menja von Schmalensee, fulltrúi Stykkishólmsbæjar – menja@nsv.is

Guðbjörg Gunnarsdóttir, fulltrúi Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls – gudbjorg@ust.is

Hildibrandur Bjarnason, fulltrúi Helgafellssveitar – hildibrandur@simnet.is

Ástþór Jóhannsson, fulltrúi Eyja- og Miklaholtshrepps – salmo@islandia.is

Guðrún setti fundinn kl. 14:00 og greindi frá því að Kristinn Jónasson bæjarstjóri í Snæfellsbæ hefði haft samband við sig og farið fram á það að hún tæki að sér stöðu formanns í Framkvæmdaráðinu eftir andlát Guðlaugs. Teldi hann það heppilegast þar sem hún væri inni í mörgum af þeim málum sem Guðlaugur var búinn að setja af stað áður en hann féll frá og hefði auk þess verið nánasti samstarfsmaður hans. Guðrún leitaði eftir því hvort Framkvæmdaráðið væri sammála þessum tilmælum Kristins og gáfu allir samþykki sitt. Jafnframt greindi Guðrún frá því að ekki væriúið að staðfesta tilnefningu á nýjum fulltrúa Snæfellsbæjar í Framkvæmdaráðið en hann myndi væntanlega sitja næsta fund.

Bað Guðrún síðan fundarmenn um að standa upp, haldast í hendur og votta minningu Guðlaugs virðingu með einnar mínútu þögn.

Svo var gengið til eftirfarandi dagskrár:

1. Umsókn til Ferðamálaráðs kynnt
2. Kynningarátak með RARIK til að draga úr raforkunotkun kynnt
3. Bréf og samstarfsverkefni með Vegagerðinni
4. Fjallað um umsókn í ÁTAK TIL ATVINNUSKÖPUNAR, styrk til Iðnaðarráðuneytisins
5. Bæklingur og markaðsmál Snæfellsness
6. Ferðatorg 1.-3. apríl n.k. í Smáralind
7. Fundur með markaðsstjóra Ferðamálaráðs
8. Fundur með markaðsstjóra Randburg – Kristjáni Má Haukssyni
9. Vefsíðugerð fyrir Snæfellsnes
10. Umsókn um markaðsstuðning frá Útflutningsráði
11. Skilti fyrir Snæfellsnes með Green Globe 21 merkinu
12. Önnur mál

1. Umsókn til Ferðamálaráðs kynnt

Guðrún greindi frá því að hún hefði fengið um það upplýsingar þann 13. janúar að skila þyrfti inn umsóknum til Ferðamálaráðs fyrir 17. janúar ef sækja ætti um styrki til úrbóta á ferðamannastöðum. Þar sem ljóst var að senda þyrfti umsókn fyrir fundinn tóku hún og Menja ákvörðun um að sækja um styrk til að setja upp fræðsluskilti við áningarstað við Kirkjufellið. Var hugmyndin að á skiltinu yrði fræðsla um jarðfræðisögu fellsins og upplýsingar um fuglalíf í nágrenninu. Var Framkvæmdaráðið mjög sátt við þessa umsókn. Sigríður Finsen benti á að rétt væri að kanna hvort uppsetning á þessu skilti væri

nokkuð að stangast á við önnur verkefni sem Grundarfjarðarbær væri að vinna á sama stað. Sagði Guðrún að gert hefði verið ráð fyrir því í umsókninni að haft yrði samstarf við bæjarstjórnina þar við ráðstöfun styrksins.

Samhliða þessu greindi Ástþór frá því að Eyja- og Miklaholtshreppur hefði sótt um styrk til að gera Daníelslund í Hofstaðaskógi að útivistarsvæði. Verður unnið að því í sumar og bætist þá við enn einn betur útbúinn áningarstaður ferðamanna á Snæfellsnesi.

2. Kynningarátak með RARIK til að draga úr raforkunotkun

Guðrún greindi frá því að í desember hefði Guðlaugur haft samband við Stefán Arngrímsson hjá RARIK og rætt um það við hann að hafa almennt kynningarátak í orkusparnaði hér á Snæfellsnesi í tengslum við Green Globe 21 verkefnið. Jafnframt ræddi hann um það við hann að hafa sérstakt kynningarátak í orkusparnaði fyrir fyrirtæki á Snæfellsnesi. Tók Stefán vel í málið. Hafa átti samband við hann eftir áramót. Guðrún hafði samband við hann 10. janúar sl. og ræddi við hann. Greindi hann frá því að í augnablikinu væri verið að endurskipuleggja margt innan RARIK og að fræðsludeildin þyrfti að láta endurprenta efni. Bað hann um að haft yrði samband við sig í síðari hluta febrúarmánaðar eða í byrjun mars til að halda áfram með efnið. Mun Guðrún gera það.

3. Bréf og samstarfsverkefni með Vegagerðinni

Guðrún greindi einnig frá því að í desember hefði Guðlaugur haft samband við Björn Ólafsson hjá Vegagerð ríkisins. Í samstarfssamningi milli Samgönguráðuneytisins og sveitarfélaganna fimm á Snæfellsnesi kemur skýrt fram að Vegagerðin skuli leggja verkefninu lið með framkvæmdum. Sendur var forgangsraðaður listi til Vegagerðarinnar í gegnum umhverfisfulltrúa Ferðamálaráðs í fyrra, en hann virtist ekki hafa skilað sér því Björn kannaðist ekki við hann. Listinn var því endursendur til hans til athugunar. Jafnframt var haft samband við ráðuneytið til að láta vita af því að listinn hefði verið sendur.

4. Fjallað um umsókn í ÁTAK TIL ATVINNUSKÖPUNAR, styrk til Iðnaðarráðuneytisins

Guðrún var með auglýsingu frá Iðnaðarráðuneytinu og benti á möguleika þess að Framkvæmdaráð gæti sótt um styrk til átaksverkefnis í kynningarmálum á Snæfellsnesi. Samþykkti Framkvæmdaráðið að Menja og hún gengju frá umsókn og sendu hana.

5. Bæklingur og markaðsmál Snæfellsness

Samþykkt var að Menja, Guðrún og Ástþór myndu hittast og gera frumdrög að því hvernig kynningarbæklingur fyrir Snæfellsnes myndi líta úr. Þau drög yrðu síðan kynnt fyrir Framkvæmdaráðinu.

6. Ferðatorg 1.-3. apríl n.k. í Smáralind

Samþykkt var að Framkvæmdaráðið stæði fyrir einhvers konar kynningu á verkefninu á fyrirhuguðu ferðatorgi í Smáralind. Mætti gera þetta t.d. með því að útbúa lítil veggspjöld sem væru meðfærileg í flutningum, hugsanlega fjórblöðung og/eða plöstuð veggspjöld sem hægt væri að hengja upp. Jafnframt var ákveðið að hafa samband við Hrafnhildi hjá

UKV til að kanna hvort Vesturland yrði ekki með og á hvaða hátt yrði staðið að kynningunni. Guðrún mun sjá um það.

Jafnframt var talað um að komast á kynningu hjá Tour Office á Keflavíkurflugvelli með Snæfellsnes í samstarfi við UKV.

7. Fundur með markaðsstjóra Ferðamálaráðs

Ákveðið var að leita eftir því hvort ekki væri hægt að fá markaðsstjóra Ferðamálaráðs, Ársæl Harðarson, á fund með Framkvæmdaráðinu. Guðrún tók að sér að kanna hvort hann gæti mætt á næsta fund þess.

8. Fundur með markaðsstjóra Randburg – Kristjáni Má Haukssyni

Rætt var um það hvort fá ætti Kristján Má til að koma á kynningarfund með ferðaþjónustuaðilum, þar sem drög að bæklingi og vefsíða fyrir Snæfellsnes yrðu kynnt. Var ákveðið að kanna það nánar síðar.

9. Vefsíðugerð fyrir Snæfellsnes

Ástþór tók að sér að gera frumdrög að vef fyrir Snæfellsnes fyrir lok febrúar.

10. Umsókn um markaðsstuðning frá Útflutningsráði

Guðrún greindi frá því að hún og Guðlaugur hefðu farið á fund skrifstofustjóra Útflutningsráðs, Hermanns Sveinbjörnssonar, og rætt um það við hann hvort möguleiki væri á því að fá stuðning við markaðssetningu Snæfellsness, t.d. á Bretlandsmarkaði, þar sem aðaláherslan yrði lögð á að auka fjölda ferðamanna í maí og september. Er beiðnin í athugun hjá Útflutningsráði.

11. Skilti fyrir Snæfellsnes með Green Globe 21 viðmiðunarkerkinu

Rætt var um að setja þyrfti upp skilti við innkomuna á Snæfellsnes bæði að sunnan- og norðanverðu þar sem fram kæmi að sveitarfélögin þar hefðu mætt viðmiðum Green Globe 21. Slíkt hefur í einhverjum tilfellum verið gert á öðrum stöðum sem hafa fengið GG21 vottun. Samþykkt var að leita til Vegagerðarinnar vegna gerðar á þessum skiltum.

12. Önnur mál

Undir liðnum önnur mál ræddi Menja um flokkun á pappír í bókhaldi sveitarfélaganna og sagði að bókar Stykkishólms væri að hanna skráningarkerfi fyrir Stykkishólm sem væntanlega væri þá hægt að áframsenda til hinna sveitarfélaganna. Skrá þarf alla pappírnotkun í kg og eins þarf að skrá hversu mikið af pappírnum er umhverfismerktur þannig að ljóst sé nákvæmt hlutfall umhverfisvæns pappírs af heildarnotkun eftirfarandi pappírsgerða:

- Allur ljósritunarpappír, prentpappír og faxpappír
- Skrifpappír og minnisblokkir
- Umslög
- Allur pappír sem sveitarfélögin láta prenta fyrir sig eins og bæklinga, fréttablöð, nafnspjöld, bréfsefni, skráningarblöð og annað þess háttar

Eins greindi Menja frá því að hún hefði haft samband við fyrirtækið Enjó og kannað möguleikana á því að halda kynningu á örtrefjaklútum og notkun þeirra fyrir starfsfólk sveitarfélaganna. Enjó hafði tekið mjög vel í það. Bent var á að sennilega gæti Snæþvottur í Grundarfirði einnig tekið slíka kynningu að sér og best væri að skoða málið nánar. Allir voru sammála því að þríf með trefjaklútum útheimti nýja tækni í þrifum og væri því nauðsynlegt að kynna hana á fundi þar sem fjallað yrði um ný viðhorf og vinnubrögð starfsmanna almennt.

Fylgja þarf því eftir hvort vatnsmælar hafa verið settir upp í sveitarfélögunum, en samkvæmt framkvæmdaáætlun átti að gera það í upphafi þessa árs. Einnig var rætt um það að þegar kynningarfundir á Green Globe 21 verkefninu yrðu haldnir með starfsmönnum sveitarfélaganna yrði á sama tíma boðið upp á kynningu frá þeim fyrirtækjum sem selja trefjaklúta..

Talað var um að ná saman öllum skólastjórum Snæfellsness og hvetja þá til að leita eftir því að fá Grænfánann fyrir skóla sína. Einn skólastjóri á Nesinu, Guðmundur Sigurmonsson í Lýsuhólsskóla, hefur þegar farið í gegnum ferlið. Hann gæti frætt hina um þær kröfur sem vottun fylgja.

Guðrún kynnti möguleikann á að sækja um Scandinavian Tourism Award. Var samþykkt að hún myndi sækja um þau verðlaun ef hún hefði tíma til, áður en hún héldi af landi brott.

Næsti fundur var ákveðinn þriðjudaginn 22. febrúar í Félagsheimilinu Röst á Hellissandi.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið
Guðrún G. Bergmann ritaði fundinn